



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Guðsmyndir í Davíðssálmi 89

Skoðaðar í ljósi Guðsmynda Gamla testamentisins

Ritgerð til B.A.-prófs í guðfræði

Jónína Ólafsdóttir

September 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Guðsmyndir í Davíðssálmi 89

Skóðaðar í ljósi Guðsmynda Gamla testamentisins

Ritgerð til B.A.-prófs í guðfræði

Jónína Ólafsdóttir

Kt.: 140884-2949

Leiðbeinandi: Gunnlaugur A. Jónsson

September 2011

Ágrip

Í þessari ritgerð, sem skiptist í þrjá meginkafla, er fjallað um mismunandi Guðsmyndir sem birtast í Davíðssálmi 89 og það kannað hvort þær Guðsmyndir sem þar koma fram eru lýsandi fyrir Guð Gamla testamentisins. Fimm mismunandi Guðsmyndir eru skoðaðar í sálminum og þær bornar saman við sambærilegar Guðsmyndir í völdum textum Gamla testamentisins. Í fyrsta kafla er framsetning Gamla testamentisins skoðuð í ljósi þess söguskilnings sem það byggir á. Í lok fyrsta kafla er gert stutt yfirlit yfir Guðshugtök Gamla testamentisins og nafnið Jahve kynnt til sögunnar. Í öðrum kafla eru Davíðssálmi 89 gerð skil en þar er sálmurinn m.a. skoðaður út frá flokkunarkerfi Hermanns Gunkels, greiningu hans á sálminum í „Gattungen“, bókmenntafræðilegum áherslum sálmsins, stöðu hans innan sálmasafnsins, tengsla við aðra texta innan Gamla testamentisins og notkunar hans í helgihaldinu. Í þriðja og síðasta kafla ritgerðarinnar eru mismunandi Guðsmyndir sálms 89 kynntar og dregnar af því ályktanir hvort þær eru dæmigerðar fyrir Guð Gamla testamentisins.

Efnisyfirlit

0. Inngangur	1
1. Gamla testamentið og Guð.....	3
1.1 Framsetning Gamla testamentisins	3
1.2 Um Jahve og hlutverk hans í Gamla testamentinu.....	4
2. Sálmur 89	8
2.1 Flokkunarkerfi Hermanns Gunkels: „Gattungen“ og staðsetning sálms 89 innan þess	8
2.2 Stíll og aðrar bókmenntafræðilegar áherslur	11
2.3 Sálmur 89 í samhengi sálmasafnsins og tengsl hans við texta innan Gamla testamentisins	13
2.4 Notkun sálmsins í helgihaldi	14
3. Mismunandi Guðsmyndir í sálmi 89 skoðaðar í ljósi Gamla testamentisins.....	16
3.1 Jahve, Guðinn sem stjórnar	16
3.2 Jahve, Guðinn sem skapar	19
3.3 Jahve, Guðinn sem leiðir.....	22
3.4 Jahve, Guðinn sem frelsar.....	27
3.5 Jahve, Guðinn sem refsar.....	30
4. Niðurstöður	34
Heimildaskrá	36

0. Inngangur

Davíðssálmarnir innihalda samsvörun við flest það sem rúmast í mennsku brjósti en fyrst og síðast hafa þeir haft máttugri áhrif á lesandann í gegnum tíðina en mannleg ráð. Sálmarnir hafa því haft ákveðna sérstöðu í bænalífi fólks, öðrum textum framar.¹ Sálmásafnið varð til á löngum tíma og er nokkuð ljóst að margir höfundar hafa komið að verkinu því fjölbreytileiki þeirra er gríðarlegur og sálmarnir mismunandi að gerð. Fyrirferðarmestir eru þó harmsálmur og lofgjörðarljóð en einnig spekiljóð, konungssálmur og þakkarljóð. Orðalag sálmannanna hefur verið talið það almennt að erfitt sé að rekja þá til vissra sögulegra atburða en þrátt fyrir það leynast innan um sálmur sem greina frá kunnnum atburðum úr sögu Ísraelsþjóðar.²

Þegar fjallað er um Davíðssálma er vissulega af mörgu að taka en hér verður Davíðssálmur 89 fyrst og fremst skoðaður út frá mismunandi Guðsmyndum sem í honum birtast. Þá verður reynt að varpa ljósi á það hvort þær mismunandi Guðsmyndir sem greina má í sálminum séu lýsandi fyrir aðra texta Gamla testamentisins sem greina frá svipuðum Guðsmyndum. Þá verður einnig leitast við að kanna hvernig lýsingar á Guði í sálminum koma heim og saman við hefðbundna skiptingu sálmsins.

Í fyrsta kafla verður gefið örstutt yfirlit yfir framsetningu Gamla testamentisins og þann söguskilning sem Biblían byggir á. Þá verður greint frá mikilvægi þess að skilið sé á milli þess nútímalega söguskilnings sem snýr að raunverulegum og jafnvel mælanlegum atburðum og þess söguskilnings sem fæst við framsetningu veruleikans í gegnum hina svokölluðu „ljóðsögn“. Í lok fyrsta kafla verður stiklað á stóru um Guðshugtök í Gamla testamentinu og nafnið Jahve kynnt til sögunnar. Þá verður stuttlega greint frá þeim mismunandi Guðsmyndum sem birtast okkur síðar í ritgerðinni. Í öðrum kafla verða Davíðssálmi 89 gerð ítarleg skil. Þar verður sálmurinn skoðaður út frá flokkunarkerfi *Hermanns Gunkels*, „Gattungen“ og staðsetningu sálmsins þar, auk þess sem gripið verður niður í þau mismunandi þemu sem sálminum hefur verið skipt upp í. Þá verður gerð örstutt grein fyrir bókmenntafræðilegum áherslum sálmsins, stöðu hans innan sálmásafnsins, tengsla við texta innan Gamla testamentisins og notkunar hans í helgihaldinu. Í þriðja kafla verða dregnar ályktanir af því hvort Guðsmyndir sálms 89 segja eitthvað um Guð í Gamla testamentinu og hvort þær myndir sem birtast í sálminum eru í takti við Guðsmyndir

¹ Sigurbjörn Einarsson 1997:6

² Biblían 2007:638

Gamla testamentisins. Í undirköflum 3.1-3.5 eru mismunandi birtingarmyndir sálmsins skoðaðar í ljósi Guðsmýnda Gamla testamentisins og það markverðasta dregið fram. Þá er sjónum einkum beint að fimm mismunandi Guðsmýndum í sálmi 89, Guðinum sem *stjórnar*, *skapar*, *leiðir*, *frelsar* og *refsar*.

1. Gamla testamentið og Guð

1.1 Framsetning Gamla testamentisins

Gamla testamentið er söguleg frásögn þar sem byrjað er á umfjölluninni um sköpun heimsins, uppruna mannkyns og upphaf syndar og þjáningar í heiminum. Þar er sögð saga af frumþjóðum heimsins og kynnum Hebrea af Guði. Þá eru fyrirheit Guðs til ættfeðra Ísraelsþjóðar stór þáttur í fyrstu Mósebók en hún fjallar þó að miklu leyti um afskipti Guðs af mönnum við hinar ýmsu aðstæður. Guð er aðalsögupersóna bókarinnar allrar þar sem hann leiðir hina útvöldu þjóð Ísraels, hjálpar henni í nauðum en refsar henni einnig fyrir ranga hegðun og breytni.³ Samkvæmt þessu byrjar saga heimsins á sköpunarathöfn Guðs. Söguhugtak nútímamannsins má segja að hafi mótast af upplýsingunni á 18. öld og þeirri raunhyggjustefnu í sagnfræði sem nefna mætti pósitívisma. Sagan er því að okkar nútímaskilningi framsetning á raunverulegum og jafnvel mælanlegum atburðum sem gjarnan er hægt að sannreyna. Sagan leitast við að rannsaka orsakasamhengi hverskonar sem byggja jafnvel á lögmálum raunvísinda. „Historisismi“ nefnist það viðhorf þegar við teljum okkur hafa náð að uppgötva sögulegar staðreyndir, svo sem eins og í sagnfræði eða málfræði. En er hægt að setja söguskilning Biblíunnar upp í slíkt form? Í Biblíunni er samhengi orsaka og afleiðinga byggt á ljóðsögn um tilveru æðri, guðlegra máttarvalda og því skilið guðlegum skilningi sem byggir á ljóðrænni og dramatískri framsetningu. Söguskilningur Biblíunnar er því allur annar en sá skilningur sem byggir á nútímalegri framsetningu mælanlegra atburða, „historisismannum“. Aðrir þættir veruleikans en hinir sögulegu og mælanlegu, svo sem eins og tilfinningar okkar eða siðgæðisviðhorf, skipta hins vegar líka máli við vangaveltur um sannleikann. Andmæli gegn „historisisma“ væri þá það sem ekki er sett fram sem saga heldur fremur eins konar ljóðsögn og hefur verið nefnt „mýþos“. Slík framsetning veruleikans er til að mynda tónlist, leiklist og ljóðlist.⁴ Ef við setjum framsetningu sögunnar eins og hún kemur fyrir í Mósebókum, sem dæmi, inn í þetta sagnfræðilíkan er sú saga sem kemur þar fram, ekki saga í sagnfræðilegum skilningi, heldur ljóðsögn eða „mýþos“. Framsetning Mósebóka snýst um að tjá tilgang, eðli og merkingu heimsins. Túlkunin er sú að allt líf eigi upphaf sitt í Guði, lúti honum og stefni til hans.⁵ Hin röklega, vísindalega hugsun er byggð á gríska orðinu „logos“; orð, skynsemd, vit. Þegar hugtakið „logos“ er notað yfir hugsun

³ Biblían 2007:3

⁴ Þórir Kr. Þórðarson 1994:69

⁵ Þórir Kr. Þórðarson 1994:70

eða það sem við viljum skjalfesta þá er það fyrst og fremst í hlutverki hins röklega. Þegar guðfræðin þarf að takast á við röklega hugsun er hún að sjálfsögðu bundin þeim ramma sem slík hugsun býður upp á – guðfræðin er þá „logos“ eða *theo-logia*. Þegar guðfræðin tekst á við þetta hlutverk er hún sett fram á röklegan og skynsamlegan hátt eins og hin röklegu vísindi.⁶

En hver er Guð? Á öllum tímum mannkynssögunnar hafa menn haft tilhneigingu til að vilja vita hver sú persóna er sem þeir vita lítil deili á. Það fyrsta sem við fáum yfirleitt að vita um ókunnuga er nafn einstaklingsins. Síðar erum við svo uppfrædd um það hver persónueinkenni viðkomandi eru og hvort myndin sem við höfðum gert okkur hafi staðist. Nafn einstaklings er hins vegar það fyrsta sem gefur okkur einhverjar hugmyndir, hvort sem þær reynast skynsamlegar eða ekki. Þetta er einnig tilfellið þegar mennirnir hafa gert sér hugmyndir um Guð en slíkar vangaveltur hefur mannsandinn fengist við á öllum tímabilum sögu sinnar og við mjög svo ólíkar aðstæður. Þessar hugmyndir eiga það hins vegar sameiginlegt að vera ófullnægjandi vegna þess að þær eru byggðar á mannlegum grundvelli og ná því ekki yfir það svið sem um ræðir.⁷

1.2 Um Jahve og hlutverk hans í Gamla testamentinu

Í textum Gamla testamentisins birtist Guð okkur sem persóna sem hefur nafn eða öllu heldur mörg nöfn. Nafnið sem mest er þó notað yfir Guð í Gamla testamentinu og er talið helgast þeirra allra er skrifað á Hebresku með fjórum bókstöfum YHWH. Ekki er þó vitað fyrir víst hvernig þessir fjórir bókstafir voru bornir fram hér áður fyrr, þar sem hebreska tungumálið var upphaflega án sérhljóða. Ein helsta nútímaskýringin er sú að nafnið hafi verið borið fram sem Jahve. Á tímum Nýja testamentisins var í raun bannað að segja nafn Jahve upphátt vegna heilagleika þess. Í kjölfar bannsins fóru menn því að kalla Jahve „’adonaj“ (Drottinn) hvenær sem nafnið Jahve bar á góma í biblíutextum. Þetta er ástæða þess að í þýðingum Biblíunnar er Jahve oft nefndur sem „’adonaj“, en það gefur til kynna að Jahve er til umræðu í textunum. Enginn veit hins vegar fyrir víst hvað Jahve merkti upphaflega eða hvort það merkti yfir höfuð eitthvað. Einnig voru notuð fleiri nöfn yfir Guð í Gamla testamentinu og byrjuðu sum þeirra á „El“. „El“ var yfirguð Kanverja sem bjuggu í fyrirheitna landinu fyrir daga Ísraelsríkis og virðast sumir þeirra hafi dýrkað hann meðfram eða jafnvel í staðinn fyrir Guðinn Jahve. Það er þó ljóst

⁶ Þórir Kr. Þórðarson 1994:96-97

⁷ Mettinger 1987:1

að í tímans rás urðu önnur guðshugtök, sem upphaflega voru nöfn á öðrum guðum, felld undir nafnið Jahve. Frá okkar sjónarhóli séð kann það að vera undarlegt að Guð skuli hafa haft nafn⁸ en það sýnir hins vegar fram á hversu persónulegur hann á að hafa verið frá upphafi. Hlutverk hans var þá ekki eingöngu hugsað sem einhverskonar lögmálgjafi, heldur var hann í raun og veru persóna. Áhugavert er þó að í Gamla testamentinu er Guð ávallt ávarpaður sem karl, þrátt fyrir að við viss tækifæri komi fram kvenleg einkenni í fari hans eins og sjá má í Jesaja 49 hér að neðan.⁹

14 En Síon segir: „Drottinn hefur yfirgefið mig,
Guð hefur gleymt mér.“

15 Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu
að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu? (Jes 49:14-15)

Þrátt fyrir þetta er ljóst að Guð var aðallega hugsaður í karlkynshlutverki í Gamla testamentinu og ávallt vísað til „hans“. Eftir tíma Gamla testamentisins hafa menn þó gert sér þær hugmyndir að Guð hafi ekki haft neitt ákveðið kyn og hafi því strangt til tekið ekki verið skilgreindur eftir slíku.¹⁰

En hvernig birtist Jahve okkur í Gamla testamentinu og hver eru mismunandi hlutverk hans þar? Hér skal litið á fáeinar Guðsmyndir sem stuðst verður við síðar í ritgerðinni við greiningu á sálmi 89 miðað við Guð Gamla testamentisins.¹¹ Ein af birtingarmyndum Jahve í Gamla testamentinu er Jahve í hlutverki þess sem *stjórnar*. Textar Gamla testamentisins lýsa þeim Jahve gjarnan sem fullvalda höfðingja sem er m.a. þekktur vegna vilja síns og áhuga á sköpun og afkomu heimsins. Hann birtist oftast sem sá sem stjórnar Ísraelsþjóð í gegnum boðorð og sáttmála og Ísraelsþjóð sem viðtakandi bregst við í hlýðni og auðmýkt.¹² Myndin af Jahve sem *skapara* er náskyld myndinni af Jahve sem stjórnar en vitnisburður Gamla testamentisins um skaparann snýr að hinum fullkomna krafti hans og getu til að vinna og tjá sig á undraverðan máta. Heimurinn er skapaður samkvæmt fyrirætlunum og verknaði Jahve sem móttækilegur, hagvænn og lífvænlegur staður þar sem Jahve einn hefur getu til að vekja líf. Hann stýrir þessu

⁸ Barton og Bowden 2004:42-43

⁹ Barton og Bowden 2004:44

¹⁰ Barton og Bowden 2004:44

¹¹ Í þeirri greiningu er að verulegu leyti stuðst við guðfræði Walter Brueggemann.

¹² Brueggemann 1997:181

öllu í raunverulegar aðstæður og lætur þetta allt verða að veruleika.¹³ Vitnisburður Gamla testamentisins um Jahve sem *leiðtoga* kemur fram í tengslum við margháttáðar aðstæður Ísraelsþjóðar en Jahve virðist ávallt reiðubúinn að takast á við hættur, vonleysi og útleigð þjóðar sinnar. Hlutverk Jahve sem leiðtoga birtist okkur þó einnig í formi prófrauna. Þá reynir Jahve fólkið í þeim tilgangi að leiða það rétta veginum og kanna hvort þjóðin haldi boðorð sitt. Hann beygir það og auðmýkir en launar því svo veglega í lokin.¹⁴

6 Ég er Drottinn. Ég ætla að leiða (yš') ykkur úr kvaðavinnunni hjá Egyptum og bjarga (nšl) ykkur úr þrældómnum. Ég ætla að frelsa (g'l) ykkur með útréttum armi og þungum refsidómum (2Mós 6:6).

Hér er því lýst þegar Jahve hefur heyrt kvein Ísraelsmanna sem Egyptar höfðu gert að þrælum og gerir ráðstafanir til að bregðast við því kalli. Hann segist fús til að leiða Ísraelsmenn úr kvaðavinnu og bjarga þeim úr þrældómi með útréttum armi sínum en jafnframt að taka þjóðina sér til eignar og færa henni landið sem hann sór að gefa Abraham, Ísak og Jakobi. Hér setur Jahve sig í spor *frelsara* sem kemur til hjálpar í erfiðleikum.¹⁵ Hlutverk frelsarans Jahve birtist okkur þó einnig í textum Gamla testamentis með skírskotunum til áþreifanlegrar björgunar en þá er átt við þegar mönnum er bjargað úr klóm dýra eða viðlíka hættum. Þar er hlutverk frelsarans því fólgið í björguninni.¹⁶ Það er ógerlegt að líta fram hjá því að æði margir textar Gamla testamentisins birta okkur Jahve í hlutverki þess sem *refsar*. Þá er gjarnan dregin upp tvennskona birtingarmynd þjáningar, annars vegar í formi þjóðarharmleiks en hins vegar í formi þjáningar einstaklings. Þjáning einstaklings í Gamla testamentinu hefur þó oftast en ekki verið sett í beint sambandi við þjáningu þjóðar. Að baki þeirri hugsun er endurgjaldskeningin¹⁷ sem fram kemur m.a. í 5. Mósebók. Þar eru ófarir þjóðarinnar skýrðar á þann hátt að hún hafi vikið af vegi Jahve og brotið gegn sáttmálanum.¹⁸ Þeir textar Gamla testamentisins sem leitast þó einna helst við að taka þjáningu einstaklings úr stærra sambandi og einblína sem mest á einstaklinginn

¹³ Brueggemann 1997:145-146

¹⁴ Brueggemann 1997:201

¹⁵ 2Mós 6:6

¹⁶ Brueggemann 1997:174

¹⁷ Kenningin um að maðurinn uppskeri eins og hann sái.

¹⁸ 5Mós:8

sjálfan eru Sálmannir og Spekiritin, en af þeirri ástæðu tala þeir textar einfaldlega til okkar allra.¹⁹

¹⁹ Barton og Bowden 2004:97

2. Sálmur 89

2.1 Flokkunarkerfi Hermanns Gunkels: „Gattungen“ og staðsetning sálms 89 innan þess

Flokkun Davíðssálma í nútíma biblíufræðum má rekja til þýska biblíufræðingsins Hermanns Gunkels (1862-1932) en Gunkel var upphafsmaður formsögulegu rannsóknaraðferðarinnar. Gunkel flokkaði sálmana í „Gattungen“ en það er í raun þýska orðið yfir ættkvísl sem oftast hefur verið þýtt sem flokkur eða tegund. Til þess að mynda „Gattung“ gerði Gunkel ráð fyrir að sálmarnir hefðu þrjá sameiginlega þætti: *Form*, *innihald* og *Sitz im Leben*, en með því síðastnefnda er átt við notkun sálmana í trúarlífi hinna fornu Hebraea/Ísraelíta. Sálmásafninu er skipt upp í fimm bækur: I) Slm. 1-41; II) Slm. 42-72; III) Slm. 73-89; IV) Slm. 90-106; V) Slm. 107-150, en fyrirmynd þessarar skiptingar hefur verið talin skipting Mósebókanna fimm.²⁰

Flokkun Gunkels hefur verið greind í átta meginflokka. 1) *Hymnar* en sá flokkur einkennist einkum af hvatningu til lofgjörðar þar sem ástæðurnar eru oftast stórmerki Guðs í sögunni eða sköpunarverki hans. Sálmur sem flokkast undir hymna eru m.a. sálmur 8, 117 og 150. Tveir undirflokkar hymna eru: a) sónarljóð en undir þann flokk fellur t.d. sálmur 46 og b) hásetissálmur eða krýningarsálmur Jahve en undir þá falla t.d. sálmur 96-99. 2) *Angurljóð* eða *harmsálmur* en sá flokkur er sá stærsti í flokkun Gunkels. Hann skiptist einnig í tvo undirflokkar: a) angurljóð lýðsins en undir þann flokk falla t.d. sálmur 44 og 90 og b) angurljóð einstaklingsins þar sem sálmur 13, 42 og 43 hafa m.a. verið flokkaðir. 3) *Þakkarljóð*: sá flokkur inniheldur þakkargjörð fyrir ákveðna hjálp eða björgun úr nauðum. Sem dæmi um sálm sem inniheldur form þakkarljóðs má nefna sálm 30. 4) *Konungssálmur*: þeir sálmur eiga það sameiginlegt að þeir fjalla allir um konunga og var hér áður fyrr talið að Davíð konungur hefði ort sálmana, sbr. nafn þeirra *Davíðssálmur*. Ekki er talið útilokað að Davíð hafi ort einstaka sálma, en með öllu útilokað að hann hafi ort alla sálma safnsins og þar á meðal má telja konungssálmana. Flestir konungssálmanna eru taldir vera frá því fyrir herleiðingu, þ.e. fyrir fall Jerúsalemborgar árið 586 f. Kr. Sem dæmi um konungssálm má nefna sálm 72. 5) *Litúrgíur*: þeir sálmur hafa greinilega verið notaðir í litúrgíum og einkennist form þeirra t.d. af víxlsöng og helgigöngu. Þetta eru sálmur á borð við 15 og 24. 6) *Spekiljóð*: þeir sálmur bera með sér einkenni spekistefnunnar

²⁰ Gunnlaugur A. Jónsson 2009:1-3

svokölluðu, en þar er aðgreining milli réttlátra og ranglátra fyrirferðamikil. Þeir sálmar sem flokkast undir spekiljóð eru t.d. sálmur 1 og sálmur 37. 7) *Blönduð form*: þeir sálmar sem fela í sér sitt lítið af hverju. 8) Síðasti flokkurinn sem hér verður nefndur er flokkur sálma sem fræðimenn hafa kennt við *trúartraust*. Þeir sálmar sem þar hafa verið flokkaðir eru m.a. sálmar 11, 23, 27, 62, 121²¹ og hugsanlega sálmur 89 einnig.

Hermann Gunkel skipti sálmi 89 í tvennt við greiningu sína en hann taldi að vers 1, 2 og 5-18 væru *hymni* þar sem uppgötvaður væri máttur Guðs. Seinni hluti sálmsins, vers 3, 4 og 19-37, væri hins vegar markaður af spádómum um konungsveldi Davíðs sem breyttist svo í *harmsálm* um hnignun konungsveldisins í versum 38-51. *Hymni* í fyrri hluta sálmsins túlkaði Gunkel sem eldri part sálmsins sem hefði á tímabilinu eftir herleiðingu, þ.e. eftir 538 f. Kr., stækkað og bætt við sig seinni hluta sálmsins sem tækist á við konungsveldi Davíðs.²² Þessi tvískipting Gunkels á sálminum hefur almennt verið samþykkt af seinnitíma fræðimönnum sem eru sammála því að sálmurinn byrji sem *hymni* en breytist svo í *harmsálm* í seinni hlutanum. Þýski gamla testamentisfræðingurinn *Hans-Joachim Kraus* (1918-2000) taldi að ef haldið væri áfram með greiningu Gunkels kæmi í ljós að hægt væri að draga fram þrjár mismunandi heildir innan sálmsins. Sú fyrsta væri vers 1-18 sem flokkaðist undir *hymni* einhvers sem hefði augljóslega orðið vitni að sköpun Guðs (í bardaga gegn kaos) og af útvalningu Guðs á Davíð konungi. Önnur væri vers 19-37 þar sem fram kemur nákvæm tilvísun í loforð Guðs og upprifjun á því hvernig val hans á Davíð konungi fór fram en þá er jafnframt vísað í loforð Guðs um ævarandi tryggð gagnvart Davíð. Þriðja væri vers 38-51 en sá hluti myndi flokkast sem *harmsálmur* um hnignun konungdæmis Davíðs. *Kraus* leggur því áherslu á að hér sé um að ræða þrískiptingu sálmsins sem greina megi í *hymna*, *tilvísun í orð Guðs* og *harmsálm*. Þá telur *Kraus* jafnframt að tveir seinni hlutar sálmsins standi algerlega heilir en fyrsti hlutinn sé í raun mjög óvenjulegur.²³ Þá hefur *A. A. Anderson* bent á að versunum alveg upp í 18. vers, sé hægt að lýsa sem *hymni* sem felist í lofi til Drottins um tryggð hans og mátt.²⁴ *James L. Mays* er sammála því að upphafsvers þessa langa sálms innihaldi lof um endalaus tryggð Drottins við Davíð sem í upphafi virðist sá sem Drottin hefur útvalið. *Mays* telur einnig að umskiptin sem fari fram í sálminum séu meginviðfangsefni hans og vandamál. Líkt og *Kraus* skiptir *Mays* sálminum í

²¹ Gunnlaugur A. Jónsson 2009:1-3

²² Kraus 1989:201

²³ Kraus 1989:202

²⁴ Anderson 1983:630

mismunandi þemu. Fyrsta þema sálmsins telur *Mays* vera bæn til Guðs sem einvalds alheimsins sem í trúfesti sinni hefur skapað heiminn og er dýrkaður af fólki sínu sem sá sem gefur því styrk í gegnum konung sinn. Annað þemað sé tilvitnun í orð Guðs, þegar hann tilkynnti val sitt á Davíð konungi og lofaði tryggð við hann og afkomendur hans alla tíð. Hér má sjá svipaða greiningu hjá þeim *Mays* og *Kraus* en þeir telja einnig báðir að þetta þema afmarkist af versum 19-37. Þriðja þemað telur *Mays* markast af útskýringum á mótsagnarkenndu háttalagi Guðs við þau loforð sem koma fram í þemanu á undan. Þar hefur hinn útvaldi verið niðurlægður fyrir framan óvini sína, og reiði og höfnun hafa komið í stað staðfastrar ástar og tryggðar. Sáttmálinn hefur verið gerður ógildur. Þá telur *Mays* jafnframt að sálmurinn rísi hæst í vers 49 (vers 50 í ísl. þýðingu) sem dragi fram heildarviðfangsefni sálmsins.²⁵

50 „Hvar eru fyrri náðarverk þín, Drottinn,
sem þú sórst Davíð í trúfesti þinni?“ (Slm 89:50)

James Limburg tekur undir greiningu *Gunkels* þegar hann segir sálminn byrja sem *hymni* sem innihaldi ríkulegt lof um Guð en taki svo breytingum og endi í örvæntingarfullu harmakveini. *Limburg* tekur hins vegar nokkuð augljósa afstöðu með því að sálmurinn sé *konungssálmur* sem sé saminn fyrir sérstök tilefni í lífi konunga. Í því samhengi bendir *Limburg* m.a. á tengsl sálms 89 við sálm 2²⁶ en þann sálm telur *Limburg* hafa verið saminn fyrir innsetningu konunga í embætti þar sem sálmurinn tali um konunginn sem hinn útvalda son Guðs sem sitji við hægri hönd hans og muni stjórna þjóðum jarðar. Þessir sálmar eigi það því m.a. sameiginlegt að tala um konunginn á upphöfnu og hátíðlegu máli.²⁷ Þá tekur *Limburg* jafnframt undir þær tilgátur *Kraus* og *Mays* að annað þemað innihaldi fögnuð yfir sáttmála Guðs við Davíð um eilífa tryggð og umhyggju. Þá endi þriðja þemað með spurningu um hvernig þeir hræðilegu hlutir sem samfélagið upplifði í sálminum geti hafa gerst, í ljósi þess hverju Davíð var lofað í upphafi. Hér er athyglisvert að *Limburg* skiptir sálminum aðeins upp í þrjú þemu (vers 1-18, vers 19-37 og vers 38-51) líkt og *Gunkel* og *Kraus* gerðu í greiningu sinni á meðan *Mays* vill skipta honum upp

²⁵ *Mays* 1994:283-284

²⁶ *Limburg* 2000:302-303

²⁷ *Limburg* 2000:6-7

í fjögur þemu.²⁸ Hugsanleg greining á fyrsta þema sálmsins gæti verið annarsvegar *hymni* en hins vegar *trúartraust*. Þá má sérstaklega taka sem dæmi fyrstu versin þar sem segir:

Því að ég segi: Náð þín er traust að eilífu,
trúfesti þín grundvölluð á himni (Slm 89:3).

Hér má greina viðmælanda sem treystir á Guð sinn og er fjarri öllum efasemdum um hann.²⁹ Til samanburðar má taka dæmi úr sálmi 62, vers 3 en sá sálmur hefur gjarnan verið viðurkenndur sem sálmur *trúartrausts*.

Hann einn er klettur minn og hjálpraði,
vígi mitt, mér skrikar ekki fótur (Slm 62:3).

Hér má sjá að í báðum sálum er sögð svipuð saga. Guð er talinn sá sem viðkomandi telur sig einna helst geta treyst á. Í sálmi 89 er gert út á náð hans en í sálmi 62 er það hjálpraðið sem er í forgrunni. Í báðum tilvikum er það hins vegar trúartraustið sem spilar aðalhlutverkið.³⁰

2.2 *Stíll og aðrar bókmenntafræðilegar áherslur*

Megineinkenni hebresks kveðskapar er hliðstæða bragliðanna eða *parallelismus membrorum*.³¹ Þessi stílstefna hefur víða gert vart við sig þar sem ort er um ákveðinn boðskap og er því afar algeng í trúarlegum og siðrænum kveðskap. Meðal þess má nefna Davíðssálma og ýmsa aðra texta Gamla testamentisins.³² Þetta hefur gjarnan verið kallað „hugsanarím“ á íslensku og merkir að báðir hlutar versins segi sömu hugsun en með ólíkum orðum.³³ Í íslenskri bragfræði er þetta fyrirbæri gjarnan kallað *breytt endurtekning* en þá er átt við það þegar sama eða svipuð merking er endurtekin með breyttu orðavali og breyttri framsetningu. Við þessa tegund endurtekningar er gjarnan stuðst þegar hugsun eða mynd er ætlað að verða augljós og áhrifamikil. Slíkar endurtekningar hafa í sér fólgin sefjunarmátt eins og beinar endurtekningar orða og auk þess

²⁸ Limburg 2000:303

²⁹ Slm 89:3

³⁰ Slm 62:3

³¹ Gunnlaugur A. Jónsson 2009:2-3

³² Óskar Halldórsson 1977:126

³³ Gunnlaugur A. Jónsson 2009:2-3

hafa þær rökgildi. Þessar *breyttu endurtekningar* geta verið nokkuð margvíslegar en stundum eru þær ekki annað en hliðstæður í orðavali. Ein af ástæðum þess að höfundar nýta sér þetta stílbrigði er sú að samheitin auðga og víkka framsetningu textans á kostnað þess að merkingarblær orðanna er mismunandi.³⁴

Í fyrsta þema sálms 89 má finna umrætt megineinkenni hebresks kveðskapar, *parallelismus membrorum*, en það kemur fram í fyrstu tveimur línunum annars vers þar sem sama hugsun er sögð tvisvar. Umrædd hliðstæða kemur fram milli sagnanna *syngja* og *kunngera*, og milli nafnorðanna *ást* og *trúfesti*. Ef orðið *trúfesti* er skoðað nánar kemur í ljós að það er komið af hebresku rótinni *'mn* sem merkir; það sem fast er undir fótum, öruggt, stöðugt eða óbrigðult. Af þeirri rót sprettur einnig orðið *amen*. *Trúfesti* merkir hins vegar á hebresku gjarnan aðeins *trú*. Hér er því ljóst að átt er við trúarhugtakið sem sprettur af umræddri hebreskri rót *'mn*. Þegar lesið er áfram og samhengið kannað er ljóst að umræddar tvær ljóðlínur eiga að mynda eina sjálfstæða heild. Hugsun þeirra er afmörkuð og er því hægt að kalla þær strófu. Ef haldið er áfram með *parallelismus membrorum* í fyrstu tveimur línunum, má einnig sjá hliðstæðu á milli *að eilífu* og *á himnum*.³⁵ Ef orðinu *eilífð* er flett upp í Íslenskri orðabók má þar finna skýringar á borð við; langur tími eða óendanlegur tími.³⁶ Þær kenningar hafa hins vegar verið uppi að erfitt sé að skilgreina og gera sér einhverja grein fyrir hugtakinu *eilífð*. Í hebresku er aftur á móti talsvert skýrar kveðið á um þetta hugtak. Orðið er þar á hebresku *ólam* og fær það merkingu sína af þeim orðum og orðasamböndum sem það stendur með hverju sinni. Mismunandi merkingarsvið hebreska orðsins geta t.d. verið þessi:

- 1) Mjög langur tími
- 2) Mjög langur tími forðum
- 3) Fornöld – Upphafstímar
- 4) Mjög langur tími í framtíð
- 5) Tímaskeið framtíðar

Þá er hugtakið einnig notað sem guðsheiti í föníkískum og úgarítískum bókmenntum og áletrunum, sem *Hinn eilífi*.³⁷

³⁴ Óskar Halldórsson 1977:124-125

³⁵ Þórir Kr. Þórðarson 1976:6-7

³⁶ Mörður Árnason 2002:261

³⁷ Þórir Kr. Þórðarson 1976:6-7

2.3 Sálmur 89 í samhengi sálmasafnsins og tengsl hans við texta innan Gamla testamentisins

Það viðhorf var ríkjandi hér áður fyrr að niðurröðun sálmanna væri tilviljunarkennd, en þá hvíldi aðaláherslan á upphaflega merkingu einstakra sálma og sögulegt baksvið þeirra. Á undanförunum árum hafa hins vegar birst æ fleiri rit þar sem áherslan hvílir í aðalatriðum á samband einstakra sálma sem raðast hafa saman, eða byggingu sálmasafnsins í heild. *Claus Westermann* (1909-2000) má kalla einskonar undanfara þeirra viðhorfa sem talsvert hafa verið ríkjandi í sálmarannsóknnum síðari ára. *Westermann* benti til að mynda á að *harmsálmar* væru mjög áberandi í fyrri hluta sálmasafnsins, einkum þá í 1. og 2. bók en *hymnar* væru á hinn bóginn áberandi í lokum safnsins, 4. og 5. bók. *Westermann* benti einnig á að *konungssálmarnir* gegndu ákveðnu hlutverki í heildaruppbyggingu safnsins, en sálmur 89 hefur ýmist verið flokkaður undir áður nefndan flokk eða sem blandaður sálmur. *G. H. Wilson* kom fram á sjónarsviðið með afar áhugaverða nálgun árið 1985 á Sálmasafninu sem bók. *Wilson* vildi meina að safnið hefði upphaflega verið spekirit með leiðbeiningum Jahve og áherslum hans á konungdæmi sitt. Þá taldi hann að 4. bók sálmasafnsins (Slm. 90-106) væri þungamiðja safnsins þar sem áherslan hvíldi mest á Jahve einum sem konungi í andstöðu við vonbrigði og breyttar fyrirætlanir Davíðssáttmálans, sem birtist í bókum 1-3 og nær einmitt hámarki í umræddum sálmi 89 þar sem segir:³⁸

39 En nú hefur þú hafnað þínum smurða,
útskúfað honum í reiði þinni,
40 þú hefur rift sáttmálanum við þjón þinn,
vanhelgað kórónu hans og fleygt til jarðar.
41 Þú braust niður alla varnarmúra hans
og lagðir virki hans í rúst.
42 Allir vegfarendur ræna hann
og grannar hans hæða hann (Slm 89:39-42).

³⁸ Gunlaugur A. Jónsson 2008:69-74

Hér hefur *Gunnlaugur A. Jónsson* m.a. bent á að verið sé að lýsa falli Jerúsalemborgar 586 f. Kr., þegar konungdæmi Davíðsættarinnar leið undir lok og musterið í Jerúsalem var jafnað við jörðu. *Wilson* telur að mikilvægustu þáttaskilin séu við lok 89. sálms en í 4. bókinni eru „Jahve-malak“ sálmarnir fyrirferðarmiklir og draga talsvert athyglina að konungdæmi Jahve í stað konungdæmis Davíðsættarinnar.³⁹

Ef flett er upp á vef Hins íslenska biblíufélags og leitað eftir tengdum textum við sálm 89, kemur aðeins einn kafli upp í allri Biblíunni en það er Lúkasarguðspjall, kafli 20, vers 41-44. Textinn ber heitið *Hver er Messías?* og virðist hafa verið tengdur við vers 5 og 34-38 í 89. sálmi. Í umræddum versum í Lúkasarguðspjalli er fjallað um það að Messías sé konungurinn, sá sem sé sendur, jafningi Guðs sem dauðinn muni ekki ná að granda.⁴⁰ Þessi eina vísun á vef Biblíufélagsins er hins vegar ekki lýsandi, því talsvert fleiri textar í Biblíunni hafa skírskotanir úr og í sálm 89. Þar má sem dæmi nefna ritningarstaði þar sem sáttmálsfyrirheit við Davíð konung eru til umfjöllunar en dæmi um slíkt má til að mynda finna í fyrri Samúelsbók, kafla 20.⁴¹ Þá nefnir *Limburg* einnig aðra Samúelsbók, kafla 7, vers 5-17 og tengir hana við vers 1-4 í umræddum sálmi, en í síðari Samúelsbók er fjallað um fyrirheit fyrir ævarandi konungdómi þar sem Davíð er lofað að trúfesti Drottins verði aldrei frá honum tekin og að ætt hans og konungdæmi muni ævinlega standa fyrir augliti Drottins. Meginþema versa 1- 4 í sálmi 89 er einnig sáttmálsheiti um ævarandi konungdóm Davíðs.⁴²

2.4 Notkun sálmsins í helgihaldi

En hvernig hefur sálmurinn verið notaður í daglegu lífi á tímum Gamla testamentisins (*Sitz im Leben*)? Ef málfræðin er skoðuð í fyrstu versunum er hægt að leiða að því líkur að það sé annað hvort einhverskonar samfélag manna, hugsanlega söfnuður eða Jahve sjálfur sem sé ávarpaður í sálmi 89, vers 2 en þá greiningu má sjá út frá notkun 2. persónu í umræddu vers. Umræðuefnið þar er Jahve og rennir það enn frekari stoðum undir að það sé samfélag manna sem sé ávarpað. Í 4. og 5. versu sálms 89 er það hins vegar Jahve sem talar til samfélagsins (*safnaðarins*) og

³⁹ Gunnlaugur A. Jónsson 2008:69-74

⁴⁰ Biblían.is 2011

⁴¹ Þórir Kr. Þórðarson 1976:3-4

⁴² Limburg 2000:303

umræðuefnið þar er Davíð konungur. Af þessari greiningu má leiða að því líkur að sálmurinn hafi upphaflega verið ætlaður til flutnings í söfnuði eða einhverskonar samfélagi manna.⁴³

Þeir fræðimenn sem rannsakað hafa sérstaklega sögulegt samhengi sálmsins hafa leitt að því líkur að uppruna hans megi rekja til dauða Jósía við Megiddo, 609 f. Kr. eða ástands konungsins Jójakín eftir 597 f. kr. Aðrar stefnur sem aðhyllast ekki sögulegt samhengi, halda því fram að sálmurinn eigi upptök sín sem litúrgía sem fólst í auðmýkingarathöfn að babýlónskri fyrirmynd. Það sem er hins vegar eftirtektarvert við þessar mismunandi nálganir er það að þær gera báðar ráð fyrir að sálmurinn sé augljós slokknun hjá Davíð konungi, hugsanlega þó einungis sem leiðtoga.⁴⁴

⁴³ Þórir Kr. Þórðarson 1976:1

⁴⁴ Mitchell 1997:254-255

3. Mismunandi Guðsmyndir í sálmi 89 skoðaðar í ljósi Gamla testamentisins

3.1 *Jahve, Guðinn sem stjórnar*

8 Guð er ógnvekjandi í hópi heilagra,
meiri og óttalegri öllum sem eru umhverfis hann.
9 Drottinn, Guð hersveitanna, hver er sem þú?
Þú ert voldugur (*hsn*), Drottinn, og trúfesti þín umlykur þig.
10 Þú ríkir yfir (*mwshl*) ofstopa hafsins,
þú lægir rísandi öldurnar,
11 þú knosaðir skrímslið Rahab til dauða
og tvístraðir óvinum þínum með voldugum armi (Slm 89:8-11).

Eins og fram kom í kafla 2.1 hér að framan þá hefur gjarnan verið lögð áhersla á það í fyrri tíma sálmarannsóknnum að um þrískiptingu sé að ræða í 89. Davíðssálmi. Umrædda þrískiptingu megi greina í *hymna*, *tilvísun í orð Jahve* og *harmsálm*. Þá hefur jafnframt verið talið að tveir seinni hlutar sálmsins standi algerlega sjálfstæðir en fyrsti hlutinn sé í raun mjög óvenjulegur.⁴⁵ Fyrsta þema sálmsins hefur einnig verið greint sem bæn til Jahve sem einvalds, sem í trúfesti sinni hefur skapað heiminn og er dýrkaður af fólki sínu sem sá sem gefur því styrk í gegnum konung sinn.⁴⁶ Þau vers sem vísað er til hér að ofan flokkast undir þessa fyrstu skiptingu sálmsins en þar er Jahve lýst sem hinum volduga (*hsn*), þeim sem ríkir yfir (*mwshl*). Hann virðist hafa allt í hendi sér og geta stjórnað öllu. Jahve kemur hér þó einnig fram sem skapari sem skapað hefur jörðina og grundvallað heiminn og allt sem í honum er. Það kemur því ekki á óvart að hann er einnig sá sem getur gefið fyrirskipanir með réttu og án þess að það komi nokkrum að óvörum. Í ofangreindum versum 8-11 í Davíðssálmi 89 er rík áhersla lögð á hlutverk Jahve sem *stjórnanda* (*šwh*). Hann ríkir yfir mestu öflum hafsins, stjórnar öldum þess, drepur skrímslið Rahab og bægir frá sér óvinum. Hér er Jahve meir að segja Guð hersveitanna.⁴⁷ Þegar borin eru kennsl á Jahve í

⁴⁵ Kraus 1989:202

⁴⁶ Mays 1994:283-284

⁴⁷ Slm 89:8-11

Gamla testamentinu er sjónum beint að tilteknum gjörðum eða verknaði Jahve.⁴⁸ En hvernig birtist Jahve sem stjórnandi í Gamla testamentinu og er þessi mynd sem sálmur 89 gefur okkur af Jahve sem stjórnanda í takti við þá mynd sem við sjáum í öðrum textum Gamla testamentisins? Þeirri spurningu verður leitast við að svara hér að neðan.

¹¹ Haltu það sem ég býð (*šwh*) þér í dag (2Mós 34:11).

Mikilvægasta atburði í sögu Ísraelsþjóðar eru gerð skil í 2. Mósebók en þar er lýst frelsun Hebrea frá Egyptalandi þar sem þeir höfðu verið í ánaud. Bókin skiptist í fjóra meginhluta: 1) frelsun hebresku þrælanna úr ánaudinni í Egyptalandi og köllun Móse þar sem Jahve opinberar nafn sitt, 2) ferð þrælanna að Sínaí fjalli undir forystu Móse þar sem frelsunin við Rauðahafið (Sefhafið) gegnir stóru hlutverki, 3) gerð sáttmálans milli Jahve og Ísraels við Sínaí fjall en sáttmálinn hafði að geyma siðferðilega og trúarlega löggjöf handa þjóðinni til að byggja líf sitt á og 4) byggingu og skipan helgistaða fyrir Ísrael ásamt reglum fyrir presta um helgihaldið. Versið hér að ofan er tekið úr þriðja hlutanum þar sem Jahve framkvæmir sáttmálann og lýsir því yfir að það sem hann ætli sér að gera sé ógnvekjandi og því sé það þjóðinni hollast að halda það sem hann bjóði.⁴⁹ Hér er ekki um að ræða ósvipaðan vitnisburð og við sjáum í sálmi 89 en þar birtist Guð okkur jafnframt sem ógnvekjandi sökum valda sinna og heilagleika. Í 2. Mósebók 34:11 skuldbindur Jahve sig hins vegar um ævarandi náð og miskunn við fólkið, en fólkið skuldbindur sig um trúnað við Jahve.⁵⁰ Í þessum merka vitnisburði Gamla testamentisins kemur glögglega fram hver það er sem drottinnar yfir Ísrael og með hvaða hætti. Jahve er fullvalda höfðingi sem er þekktur vegna vilja síns og áhuga um sköpun og afkomu heimsins. Hann stjórnar Ísrael fyrst og fremst í gegnum boðorð og sáttmála og Ísraelsþjóð sem viðtakandi bregst við í hlýðni og auðmýkt. Það eru fáeinar hebreskar sagnir á borð við „að segja“ (*'mr*) og „að tala“ (*dbr*) sem gjarnan eru notaðar sem stuðningssagnir við megin sögnina er varðar viðfangsefnið sem hér um ræðir, „að ríkja yfir“ (*šwh*). Í íslenskri þýðingu Biblíunnar frá 2007 hefur þessi sögn verið þýdd sem „að bjóða“ eins og sjá má í tilvitnun í 2. Mósebók, 34:11 hér að ofan. Þessi umrædda sögn yfirgnæfir alla orðræðu Gamla testamentisins um yfirráð og völd Jahve í garð fólksins.⁵¹ Í umræddri

⁴⁸ Brueggemann 1997:213

⁴⁹ Biblían 2007:65

⁵⁰ 2Mós 34:11

⁵¹ Brueggemann 1997:181

tilvitnun úr 2. Mósebók, 34:11 má segja að þar sé alls ekki um að ræða kröfu til fólksins frá Jahve sem kemur á óvart. Hann er augljóslega sá sem hefur vald og rétt til að gefa slíkar fyrirskipanir sem hlýtt er á. Hann virðist sjálfur gera ráð fyrir hlýðni og fylgni fólksins að fyrirmælunum. Eins virðist því farið með Ísraelsþjóð en hún skilur sjálfa sig sem bundna Jahve í einu og öllu þrátt fyrir að stundum svari hún völdum hans með mótspyrnu og stífni. Hlutverk Jahve í Gamla testamentinu sem *stjórnanda* er því að einhverju leyti einkennandi fyrir Jahve og hans persónu eins og hún birtist okkur í Gamla testamentinu. Undirbúningur Sínaísáttmálans sem 2. Mósebók greinir frá, mótast mjög svo af orðræðu Jahve í því formi sem hér hefur verið lýst en þar segir frá því þegar Ísraelsmenn fóru frá Egyptalandi og komu inn í Sínaíeyðimörkina. Það er því nokkuð ljóst að meginhluti lögmálsins (Torah) er gefinn í gegnum fyrirskipanir Jahve. Þjóðin virðist heltekin af þessum skipunum við flest öll tækifæri og tímabil í sögu sinni hvort sem hún kann vel við þær eða ekki. Ísraelsþjóð er því þjónn Jahve og skal ekki verða í þjónustu eða þrældómi hjá neinum öðrum. Líf þjóðarinnar er að fullu undir stjórn Jahve komið, sem krefst þess að hún hlýði honum í einu og öllu, rétt eins og barn hlýðir foreldrum sínum.⁵²

Ef vikið er að sálmi 89 er ljóst að í versum 28-38 er um að ræða undirbúning Davíðssáttmálans þar sem Jahve gefur m.a. fyrirheit um ævarandi tryggð sína í garð Davíðs. Í 2. Mósebók og sálmi 89 er því í báðum tilvikum um að ræða sáttmálsfyrirheit sem gefin eru með fyrirskipun Jahve. Í neðangreindum versum er Jahve því í hlutverki *stjórnandans* þegar hann teflir fram sáttmála sínum við Davíð.

²⁸ Ég geri hann að frumburði mínum,
að hinum æðsta meðal konunga jarðar.

²⁹ Ég mun varðveita miskunn mína við hann að eilífu,
sáttmáli minn við hann skal stöðugur standa.

³⁰ Ég mun viðhalda ætt hans um aldur
og hásæti hans meðan himininn stendur (Slm 89:28-30).

Í samhengi við almennt hlutverk Jahve í Gamla testamentinu sem stjórnanda verður þó að hafa í huga hið sérstaka samband sem ríkti milli Jahve og Ísraelsþjóðar en því hefur gjarnan verið líkt við samband móður og barns. Það sérstaka samband sem hér er bent á, á rætur sínar að rekja

⁵² Brueggemann 1997:182

langt aftur fyrir tilurð Ísraelsþjóðar, jafnvel til þess tíma þegar Jahve átti í sambandi sínu við Adam, Evu og Nóa. Það var þó fyrst og fremst við sáttmála Jahve við Abraham (1Mós 12) og þegar hann leiddi fjölskyldu sína út frá Mesópótamíu til Kanaanslands sem hann lagði grunninn að sambandi sínu við Ísraelsþjóð með þessum hætti. Fólkið varð oft vonsvikið og óstýrilátt en alltaf jafnaðist leikurinn á ný þrátt fyrir að stundum þyrfti Jahve að beita valdi sínu á neikvæðan hátt.⁵³

Vers 8-11 í 89. Davíðssálmi lýsa Jahve sem *stjórnanda* á upphafinn og hátíðlegan máta. Jahve er þar æðstur allra, svo mikið stærri og meiri en allir aðrir að hann virðist ógnvekjandi í hópi heilagra. Í versum 28-38 sjáum við Jahve hins vegar beita valdi sínu sem stjórnandi þegar hann gerir sáttmálann við Davíð, þjón sinn. Þessar lýsingar sálmsins virðast í takti við það hlutverk sem Gamla testamentið ætlaði Jahve sem *stjórnanda* og þá mynd sem við sjáum af honum þar. Það virðist hins vegar gengið að því vísu og nokkuð sjálfsögðu í sálmi 89 að eitt af stóru hlutverkum Jahve er að stjórna og gefa fyrirskipanir. Lýsingarorðin sem notuð eru í umræddum versum úr sálmi 89 eru að sumu leyti ógnandi og jafnvel ögrandi umhugsunarefni fyrir lesandann. Hver er þessi Guð og er eftirsóknarvert að vera í samneyti við hann?⁵⁴

3.2 Jahve, Guðinn sem skapar

¹² Þinn er himininn, þín er jörðin,

þú grundvallaðir (*jesadtam*) heiminn og allt sem í honum er.

¹³ Norðrið og suðrið skapaðir (*beratam*) þú (Slm 89:12-13).

Svona birtast sköpunarstef 89. Davíðssálms í versum 12-13. Hér er það gert nokkuð skírt að það er Jahve sem mótaði jörðina, himininn og heiminn í heild sinni. Vísað er til 1. Mósebókar þar sem fjallað er um sköpun heimsins, uppruna mannkyns og upphaf syndar og þjáningar í heiminum.⁵⁵ Umrædd vers flokkast undir 2. þema sálmsins sem inniheldur tilvísun í loforð Guðs og upprifjun á því hvernig val hans á Davíð konungi fór fram. Í ofangreindum versum er enginn vafi látinn leika á því að það er Jahve sem er höfundur þeirra verka sem sálmaskáldið telur upp af nokkru öryggi. En hvað segir Gamla testamentið um Jahve sem skapara og um

⁵³ Barton og Bowden 2004:53-54

⁵⁴ Slm 89:8-11, 28-38

⁵⁵ Biblían 2007:3

sköpunarsagnirnar „grundvallaðir“ (*jásad*) og „skapaðir“ (*bara*) sem birtast okkur hér að ofan? Er sú mynd sem við sjáum af Jahve sem skapara í sálmi 89, í takt við þá mynd sem aðrir textar Gamla testamentisins sýna? Til að glöggva sig á þessu er rétt að skoða hér dæmi úr fáeinum textum Gamla testamentis sem birta okkur Jahve í hlutverki skaparans.

Í einum fullmótaðasta og virtasta vitnisburði Gamla testamentisins um Jahve sem fram kemur í Jesaja öðrum (Jes 40-55), er honum lýst með þessum orðum:⁵⁶

5 ...sem skapaði himininn og þandi hann út,
sem breiddi út jörðina með öllu sem á henni vex,
sá er andardrátt gaf jarðarbúum
og lífsanda þeim sem á jörðinni ganga (Jes 42:5).

Vitnisburður Ísraelsþjóðar um Jahve sem skapara snýr að hinum fullkomna krafti hans og getu til að vinna og tjá sig á undraverðan máta. Í ofangreindum texta úr Jesaja 42 er heimurinn skapaður samkvæmt fyrirætlunum og verknaði Jahve sem móttækilegur, hagvænn og lífvænlegur staður vegna vilja Jahve og getu hans til að vekja og halda uppi lífi. Það er Jahve sem skapar himininn og jörðina, þá reglu og það líf sem stefnt er að. Jahve stýrir þessu öllu í raunverulegar aðstæður og lætur þetta verða að veruleika,⁵⁷ ekki ósvipað þeirri lýsingu sem við sjáum í versum 12-13 í sálmi 89 en þar er því lýst hvernig Jahve skapaði himininn, jörðina, norðrið, suðrið, heiminn og allt sem í honum er.⁵⁸

Í þeim vitnisburði sem vísað er til hér að ofan er stuðst við hebresku sögnina *bara*, eitt stórbrotnasta hugtakið sem notað er um verk Jahve sem skapara í hebresku. Sögnin *bara* er ekki notuð um neitt annað viðfang en Jahve. Þetta er sama sögn og stuðst er við í versu 13 í sálmi 89 þegar sagt er frá því að Jahve hafi skapað norðrið og suðrið. Í Jesaja 42:5 er sögnin *bara* studd með þekktu einkenni hebresks kveðskapar, *hliðstæðu bragliðanna*. Sú sögn sem notuð er til að styðja við fyrri sögnina lýsir um það bil sömu hugsun en bætir hins vegar talsvert á tignarleika hennar með nærveru sinni. Í þessum tiltekna texta eru sagnirnar „þandi út“ (*nṯh*), „breiddi út“ (*rqʿ*) og „gaf“ (*ntn*) allar hafðar í lýsingarhætti og látnar kveða enn frekar á um hina áframhaldandi sköpun Jahve. Sem dæmi um fleiri hebreskar sagnir sem notaðar eru til að lýsa

⁵⁶ Brueggemann 1997:145

⁵⁷ Brueggemann 1997:145-146

⁵⁸ Slm 89:12-13

sköpuninni í vitnisburði Ísraels eru sagnir á borð við „gera“ (*sh*), „tala“ (*mr*) og „bjóða“ (*shw*) en þær má til að mynda allar finna í Davíðssálmi 33.⁵⁹

6 Fyrir orð Drottins voru himnarnir gerðir (*sh*)
og öll þeirra þrýði fyrir anda munns hans...
9 Því að hann talaði (*mr*) – og það varð,
hann bauð (*shw*) – þá stóð það þar (Slm 33:6,9).

Hér er því m.a. lýst þegar Jahve tjáir sig og það sem hann segir er framkvæmt. Myndmálið snýst um valdamikinn ræðumann sem gefur tilskipun úr háseti sínu og á augabragði er skipunin orðin að veruleika.

Ísraelsþjóð staðfestir að Jahve skapar heiminn með orðræðu sinni sem felst í tignarlegri framsetningu á valdmiklum tilskipunum hans. Þessi „guðfræði orðsins“ er mjög áhrifamikil í síðari tíma guðfræði. Þrátt fyrir það er mikilvægt að átta sig á því að þessi upphafna og virta leið til að fjalla um einstaka sköpun Jahve er ekki aðeins einskorðuð við Ísraelsþjóð því þessi tegund sköpunarumfjöllunar hefur mikilvægan undanfara og hliðstæðu í gamalli egyptskri guðfræði. Þjóðin styðst þó bersýnilega við fjölbreytt hugtök í umfjöllun sinni um sköpun Jahve og bera þau flest vott um einstök yfirráð og sérstaka stöðu hans sem áhrifavalds.⁶⁰

Þær sagnir sem hér hafa verið skoðaðar eru brot af þeim helstu sem Ísraelsþjóð notar í vitnisburði sínum á sköpun Jahve.⁶¹ Af þessari umfjöllun er ljóst að Ísraelsþjóð studdist við hugtök úr hinu daglega lífi í lýsingum sínum á sköpun Jahve, bæði úr listrænum – og efnislegum heimi. Þar er þó undanskilin hin sérstaka sköpunarsögn *bara* sem nær aðeins yfir umfjöllun um Jahve og sköpun hans. Í raun má segja að Ísrael sættist ekki á neina eina túlkun eða framsögn í sköpunarfrásögnunum heldur nýti sér á ríkulegan máta hin fjölbreytilegustu hugtök í umfjöllun sinni um sköpunina. Eins og sjá má endurtekið þá virðist guðfræði Gamla testamentisins neita öllum einföldum, endanlegum útskýringum þegar kemur að orðræðunni um sköpunina. Fremur leitar hún eftir opinni, óendanlegri umræðu sem gefur færi á margháttuðum og fjölbreytilegum túlkunarmöguleikum um sköpunarfrásagnir. Þrátt fyrir það virðist aldrei hafa verið erfitt fyrir Ísraelsþjóð sjálfa að gera sér ljósa sköpun Jahve á heiminum. Trúarbrögð hinna fornu

⁵⁹ Brueggemann 1997:146

⁶⁰ Brueggemann 1997:148

⁶¹ Brueggemann 1997:148

Austurlanda nær voru þá þegar orðin mótuð af sköpunarorðræðu og sannfæringu um að heimurinn hefði verið skapaður af hinum ýmsu guðum og má því leiða að því líkur að Ísraelsþjóð hafi tekið öllum slíkum vangaveltum nokkuð opnum örmum. Það er þó mikilvægt að átta sig á því að orðræðan um sköpunina í Gamla testamentinu á meðal annars rætur sínar í fornu konunglegu stjórnarfyrikomulagi sem auðveldlega ýtti undir guðfræðilegar staðhæfingar um sköpunarorðræðuna vegna pólitískra forsendna. Slík sköpunarorðræða varð svo að fyrirmynd í konunglegri og pólitískri hugmyndafræði. Dæmi um þess háttar orðræðu má sjá í umræddum sálmi 89 í sambandi Jahve og Davíðs konungs en traust þeirra byggðist að miklu leyti á sköpunarorðræðu Jahve þar.⁶² Jahve fær Ísraelsþjóð samastað og gróðursetur hana svo hún geti búið örugg og óttalaus um alla framtíð eins og fram kemur í 2. Samúelsbók 7:10. Þá reisir Jahve Davíð hús og lofar því að sjá til þess að hann muni skapa honum son sem getinn verði af Davíð sjálfum og verði gerður að eftirmanni hans. Allt er þetta gert til að Davíð taki við konungdæminu. Hér er á ferðinni Davíðssáttmálinn svonefndi, sem stendur, eins og lýst hefur verið í ákveðnum tengslum við sköpunarmátt Jahve.⁶³ Eftir þessa samantekt af mismunandi sköpunarstefjum Gamla testamentisins má ljóst vera að sálmur 89 sýnir fram á þekkta sköpunarorðræðu Gamla testamentisins í versum 12 og 13 sem tekin eru sem dæmi í byrjun þessa kafla. Þar eru rifjaðir upp helstu sköpunarþættir Jahve og lesandinn er áminntur um kraft hans og getu til að vinna á undraverðan máta. Í sálmi 89 er því greint frá því að heimurinn er skapaður samkvæmt fyrirætlunum og verknaði Jahve, ekki ólíkt því sem lýst er í Jesaja 42:5-6.⁶⁴

3.3 Jahve, Guðinn sem leiðir

16 Sæl er sú þjóð sem kann að hylla þig, Drottinn,

sem gengur (*jehatekun*) í ljóma auglitis þíns, -

17 fagnar yfir nafni þínu hvern dag

og gleðst yfir réttlæti þínu.

18 Því að þú ert prýði hennar og máttur

og fyrir velþóknun þína er horn vort hafið.

19 Því að skjöldur vor heyrir Drottni til

⁶² Brueggemann 1997:149

⁶³ 2Sam 7:10

⁶⁴ Jes 42:5-6

og konungur vor Hinum heilaga Ísrael (Slm 89:16-19).

Í ofangreindum versum er Jahve lýst í hlutverki leiðtogans, þess sem best er til þess fallinn að leiða heila þjóð í velgengni og vera þryði hennar og máttur á öllum tímum. Samkvæmt skiptingu sálmsins eftir meginþemum sem minnst var á hér að framan, þá standa vers 16-19 á mörkum fyrsta og annars þema sálmsins. Vers 16, 17 og 18 flokkast undir fyrsta þema sálmsins sem flokkað hefur verið undir *hymni* einhvers sem hefur augljóslega orðið vitni að sköpun Guðs og útvalningu Guðs á Davíð konungi. Vers 19 flokkast hins vegar undir annað þema sálmsins en í því þema kemur fram nákvæm tilvísun í loforð Guðs og upprifjun á því hvernig val hans á Davíð konungi fór fram. Vers 16, 17 og 18 eru því einskonar lofsöngur til Jahve sem *leiðtoga* á meðan vers 19 er í formi upprifjunar um loforð Jahve.⁶⁵

Til að skoða betur hvernig Jahve birtist sem leiðtogi í Gamla testamentinu og hvort umrædd vers úr sálmi 89 sem vitnað er til hér að framan eru lýsandi fyrir þær birtingarmyndir, er rétt að líta á neðangreindan texta sem tekinn er úr 5. Mósebók, kafla 8 en þar er hugsanlega um að ræða tilvitnun sem greinir frá einum nákvæmasta vitnisburði um Jahve sem leiðtoga í Gamla testamentinu.⁶⁶

2 Hafðu hugfast hvernig Drottinn,

Guð þinn, leiddi þig alla leiðina þessi fjörutíu ár í eyðimörkinni.

Hann gerði það til að beygja þig og reyna þig, til þess að komast að raun um hvað þú hafðir í huga, hvort þú hygðist halda boðorð hans.

3 Hann auðmýkti þig með hungri en gaf þér síðan manna að eta sem hvorki þú né forfeður þínir þekktu (5Mós 8:2-3).

Hér að ofan rifjar Móse upp þá atburði sem gerst höfðu í lífi Ísraelsþjóðar undanfarin fjörutíu ár en 5. Mósebók er skipt upp í ræður sem Móse flytur þjóðinni í Móabslandi þangað sem hún var komin eftir langa og stranga óbyggðargöngu og er í þann vegin að halda til Kanaanslands. Bókin er sett fram eins og kennslubók um lögmál Jahve en Móse var valinn af honum til að kenna

⁶⁵ Kraus 1989:202

⁶⁶ Brueggemann 1997:201

lögmálið og er mest allt ritið því lagt honum í munn. Kunnátta fólksins á lögmálinu átti að stuðla að því að fólkið virti Jahve og boð hans svo það uppskæri blessun hans.⁶⁷

Vitnisburður Ísraelsþjóðar um Jahve sem leiðtoga kemur fyrir í tengslum við hinar margháttuðu aðstæður þjóðarinnar eins og sést í framangreindri tilvitnun, en þar virðist Jahve vera reiðubúinn að takast á við hættur, vonleysi og útleigð þjóðar sinnar. Í versunum er Jahve lýst sem leiðtoga sem prófar og reynir fólkið, hann beygir það og auðmýkir með hungri en launar því svo veglega í lokin. Allt er þetta gert í þeirri von og trú að þjóðin hyggist halda boðorð hans.⁶⁸ Ef hlutverk Jahve sem leiðtoga er skoðað í stærra samhengi þá er ljóst að sagan fjallar um Guð sem leiðir þjóð sína út af Egyptalandi og gefur henni nýtt líf. Þegar hlutverk Jahve sem leiðtoga er því dregið saman er það hinn jákvæði vitnisburður um leiðtogann sem hefur betur, þrátt fyrir hinar ýmsu prófraunir sem hann leggur upp með oft og tíðum. Í umræddum versum 16-19 í sálmi 89 er okkur gefin hin jákvæða mynd af Jahve sem leiðtoga. Þar er Jahve ekki í hlutverki leiðtogans sem reynir og prófar fólkið heldur snýr orðræðan þar fremur að þjóð sem er leidd af Jahve í sátt og samlyndi og fagnar yfir réttlæti hans.⁶⁹

25 Hann hrópaði á hjálp til Drottins og Drottinn sýndi honum tré. Móse kastaði því í vatnið og þá varð það ferskt. Þar setti hann þjóðinni lög og reglur og reyndi hana (2Mós 15:25).

Hér er gripið niður í eyðimerkurgöngu Ísraels þar sem Móse lætur þjóðina leggja af stað frá Sefhafinu. Þá gekk fólkið í þrjá daga um Súreyðimörkina án þess að finna þar nokkurt vatn. Að lokum spurði fólkið Móse hvað það skyldi drekka og þá hrópaði hann á hjálp til Jahve og fékk þau viðbrögð sem fram koma í ofangreindri tilvitnun.⁷⁰ Í kafla 16:4 í 2. Mósebók er sama upp á teningnum en þar *reynir* Jahve fólkið með því að láta brauði rigna af himni ofan og athugar hver viðbrögð þess eru.⁷¹

⁶⁷ Biblían 2007:202

⁶⁸ Brueggemann 1997:201

⁶⁹ Slm 89:16-19

⁷⁰ 2Mós 15:25

⁷¹ Brueggemann 1997:201

4 Nú ætla ég að láta brauði rigna af himni handa ykkur. Fólkið á að ganga út og safna saman dag hvern því sem það þarf fyrir daginn. Þannig get ég reynt það og séð hvort það fylgir lögum mínum eða ekki (2Mós 16:4).

Í ofangreindum þremur tilvitnunum (5Mós 8:2-3, 2Mós 15:25 og 2Mós 16:4) gefur að líta þrjár mismunandi myndir af Jahve sem leiðtoga sem allar birtast okkur þó einnig í fyrstu tilvitnuninni, 5. Mósebók, 8:2-3: hann er sá sem prófar (*nsh*), fæðir (*'kl*) og leiðir (*hkl*).⁷²

Í textum Gamla testamentisins gerir Jahve prófraunir oftast í þeim tilgangi að kanna hversu mikil alvara reynist vera í tryggð þjóðarinnar í sinn garð. Prófraunin er þó fyrst og fremst gerð með umhyggju Jahve fyrir þjóðinni að leiðarljósi. Í kafla 16:4 í 2. Mósebók sem vitnað er til hér að framan teflir Jahve þó ekki fram neinum óvini eða blóðugum bardaga því ekki er víst hvernig hefði farið fyrir þjóðinni ef hann hefði skapað slíkar aðstæður á erfiðum tímamarki sem þessum. Þetta virðist því nokkuð vel ígrundað hjá honum og bendir allt til þess að hann viti hvaða viðbrögð hann vill fá frá þjóðinni. Tilhneiging Jahve til þessara prófrauna virðist vera í nokkru jafnvægi við aðrar athafnir sem fela í sér örláta aðhlyningu og hjálpsemi hans í garð þjóðar sinnar. Í þessu tilfalli eru það þó fyrst og fremst tvennskonar þemu sem sýna fram á umhyggjuna, annars vegar vilji Jahve til að yfirbuga útilokun Ísraelsþjóðar og hins vegar geta hans til að móta og hanna prófraunir á borð við þessa.⁷³ Annarskonar prófraun sem Jahve býður upp á í hlutverki sínu sem leiðtoga er sú þegar hann fæðir Ísraelsþjóð í aðstæðum þar sem enga fæðu er að hafa. Dæmi um slíkt sjáum við til að mynda bæði í 2. Mósebók 15:25 þegar hann lætur Móse kasta trénu í vatnið sem verður að ferskvatni og í 2. Mósebók 16:4 þegar Jahve lætur brauði rigna ofan af himnum til að kanna hvort fólkið kunnir sér hóf. Í síðari tilvitnuninni er fæðugjöfin sett fram sem yfirnáttúrulegt verk. Eins og sjá má í öðrum textum sem snúa að fæðugjöf Jahve til fólksins virðist hins vegar fæðan tengjast á einn eða annan hátt einhverskonar blessun yfir fólkinu sem birtist sem gjöf frá náttúru jarðar (Jós5:12, Slm 104:27-28 og Slm 145:15-16). Hér virðist tilgangur Jahve þó fyrst og fremst vera sá að leysa Ísraelsþjóð úr ánaudinni og er því textinn frábrugðinn öðrum textum Gamla testamentisins sem innihalda fæðuþemað. Þriðja viðfangsefnið sem Jahve tekst á við hér er þegar hann leiðir þjóð sína en það þema sjáum við í fyrstu tilvitnuninni sem um ræðir hér að framan (5Mós 8:2-3). Það þema birtist

⁷² Brueggemann 1997:201-202

⁷³ Brueggemann 1997:202

sérstaklega í þeim aðstæðum þegar Jahve tekst á við hættuástand Ísraelsþjóðar og berst fyrir rétti hennar og öryggi, eins og vikið hefur verið að áður.⁷⁴

Við fyrstu sýn virðast þessi þemu sem hér er lýst að framan ekki vera að finna í sálmi 89 en þegar betur er að gáð er ekki fjarri því að Jahve beiti prófraunum þegar hann hafnar Davíð konungi, til að mynda í versum 41-43. Líklegt er að Jahve hafi hér verið að nýta sér leiðtogahæfni sína og partur af áætlunum sáttmálans hafi frá upphafi verið fólgin í slíkum prófraunum, þrátt fyrir að slík lýsing hafi ekki komið fram í sáttmálanum sjálfum. Sínaísáttmálinn og sáttmálarnir sem gerðir voru við Abraham og Davíð voru grafnir upp árið 587 f. Kr., þegar Ísraelsþjóð komst að því að Guð hafði yfirgefið hana, gefist upp á sáttmálanum og gert ógildan samning sinn um trúmennsku við þjóðina. Þessi krísa reyndist hins vegar þjóðinni ein gróskumesta guðfræðilega reynslan sem hún hafði nokkru sinni upplifað. Það hvarflaði aldrei að þjóðinni að binda endi á sáttmálann heldur ákvað hún að finna aðrar leiðir til að halda honum við.⁷⁵ Hugsanlega var því hér um að ræða prófraun Jahve á þjóð sinni.

41 Þú braust niður alla varnarmúra hans

og lagðir virki hans í rúst.

42 Allir vegfarendur ræna hann

og grannar hans hæða hann.

43 Þú hefur hafið hægri hönd óvina hans

og glatt alla fjandmenn hans (Slm 89:41-43).

Þeim vitnisburðum hefðarinnar sem lýst hefur verið hér að framan, þar sem Jahve er í hlutverki þess sem prófar, fæðir og leiðir er þó haldið í ákveðinni spennu þar sem óvíst er hver endalokin verða og hver tilgangur Jahve virðist í raun vera. Í lokin er það þó hinn jákvæði vitnisburður sem hefur betur í minningu Ísraelsþjóðar um Jahve sem leiðtoga.⁷⁶

⁷⁴ Brueggemann 1997:203

⁷⁵ Brueggemann 2002:38-39

⁷⁶ Brueggemann 1997:203

3.4 Jahve, Guðinn sem frelsar

²⁷ Hann mun hrópa til mín: Þú ert faðir minn,

Guð minn, og klettur hjálpræðis míns (*tsur jesuati*).

²⁸ Ég geri hann að frumburði mínum,

að hinum æðsta meðal konunga jarðar (Slm 89:27-28).

Í þessari tilvitnun úr Davíðssálmi 89 er það Jahve sjálfur sem talar og lýsir því hvernig hann hefur upphafið Davíð þjón sinn, ungan mann af alþýðunni og smurt hann með sinni heilögu olfu. Í kjölfarið lýsir Jahve því hvernig Davíð megi treysta á hann í einu og öllu og enginn óvinur muni yfirbuga hann eða beygja, trúfesti hans og miskunn muni vera með honum. Jahve leggur svo ofangreind orð í munn Davíðs þegar hann segir: „Hann mun hrópa til mín: Þú ert faðir minn, Guð minn, og klettur hjálpræðis míns (*tsur jesuati*).“⁷⁷ Hér er einnig vísað til fyrirheitanna um ævarandi konungdóm þar sem Jahve varpar tilboði sínu fram og er lýst í Síðari Samúelsbók kafla 7.⁷⁸ Umrædd vers flokkast undir 2. þema sálmsins sem inniheldur nákvæma tilvísun í loforð Guðs og upprifjun á því hvernig val hans á Davíð konungi fór fram. Sáttmálsheitin koma svo í kjölfarið í næsta þema. En hvað segir Gamla testamentið um Jahve sem frelsara og lýsir sálmur 89 frelsun Jahve á svipaðan hátt?

Áhrifaríkasti vitnisburður Gamla testamentisins um Jahve sem frelsara hefur gjarnan verið talinn 6. kafli úr 2. Mósebók, vers 6 en þar segir:

⁶ Ég er Drottinn. Ég ætla að leiða (*yš'*) ykkur úr kvaðavinnunni hjá Egyptum og bjarga (*nšl*) ykkur úr þrældómnum. Ég ætla að frelsa (*g'l*) ykkur með útréttum armi og þungum refsidómum (2Mós 6:6).

Í þessari annari frásögn af köllun Móse er getu Jahve til hvers kyns inngripa gegn kúgandi öflum lýst.⁷⁹ Hér hefur Jahve heyrt kvein Ísraelsmanna sem Egyptar höfðu gert að þrælum og gerir ráðstafanir til að bregðast við því. Hann segist fús til að leiða Ísraela úr kvaðavinnu og bjarga þeim úr þrældómi með útréttum armi sínum en jafnframt að taka þjóðina sér til eignar og

⁷⁷ Slm 89:27

⁷⁸ 2Sam 7:5-17

⁷⁹ Brueggemann 1997:173-174

færa henni landið sem hann sór að gefa Abraham, Ísak og Jakobi. Hér setur Jahve sig því í spor frelsara sem kemur til hjálpar í erfiðleikum⁸⁰ ekki ólíkt því sem gert er ráð fyrir að hann geri í versí 27 í sálmi 89 þar sem Jahve er lýst sem kletti hjálpraðisins. Í þessari merkilegu fullyrðingu Jahve til Ísraelsþjóðar (2Mós 6:6) koma fyrir þrjú afgerandi hugtök sem öll tengjast frelsun Jahve á einn eða annan hátt. Hugtökin koma fyrir með svipuðum hætti í fleiri textum Gamla testamentisins og þá einkum og sér í lagi textum 2. Mósebókar eins og hefur verið minnst á hér áður. Þetta eru hugtökin „að leiða“ (yš'), „að bjarga“ (nšl) og „að frelsa“ (g'l).

Hugtakið „að leiða“ (yš') snýr fyrst og fremst að landfræðilegri útgöngu í textum Gamla testamentisins, þar sem saga Ísraelsþjóðar er í raun saga af ferðalagi frá einum stað til annars.

3 Móse sagði við fólkið: „Minnist þessa dags þegar þið fóruð út úr Egyptalandi, úr þrælahúsinu, því að Drottinn leiddi ykkur þaðan með máttugri hendi ...“ (2Mós 13:3)

Hugtakið „að bjarga“ (nšl) birtist gjarnan í textum Gamla testamentisins með skírskotunum til áþreifanlegrar björgunar en þá er yfirleitt átt við þegar mönnum er bjargað úr klóm dýra eða viðlíka hættum. Þetta er til að mynda sama sögn og stuðst er við í frásögninni af Davíð og Golíat en þar segir Davíð:

17 „Drottinn, sem bjargaði mér úr klóm ljóna og bjarna, mun einnig bjarga mér frá Filísteinum.“ (1Sam 17:37)

Þessa sömu sögn má einnig sjá í Amos 4:11 þar sem vísað er til þess þegar Jahve kemur þjóðinni til bjargar en hún neitar að snúa sér til hans.⁸¹

11 Ég kollvarpaði öllu yðar á meðal
eins og ég kollvarpaði Sódómu og Gómorru.
Þá urðuð þér eins og raftur úr eldi dreginn
en þér snéruð ekki aftur til mín,
segir Drottinn (Am 4:11).

⁸⁰ 2Mós 6:6

⁸¹ Brueggemann 1997:174

Hugtakið „að frelsa“ (g'l) tengist mjög textum 2. Mósebókar sem lýsa því þegar Jahve frelsar þjóðina úr ánaud Egypta (2Mós 6:6, 2Mós 15:13 og Slm 106:10). Hugtakið „að frelsa“ (g'l) ber vott um ummyndandi aðgerð eða verknað sem er í svipuðum flokki og aðgerðin sem felst í fyrsta hugtakinu sem hér var skoðað, „að leiða“ (yʿ) en þrátt fyrir það virðist umhverfið sem hún á sér stað í þó oftast vera fremur ólíkt. Hugtakið „að frelsa“ (g'l) birtist fyrst með tilvísun til efnahagslegra aðgerða innan fjölskyldubanda sem gerð eru til að halda uppi fjölskylduheiðri en dæmi um slíkt má til að mynda sjá í 3. Mósebók, 25:25⁸² þar sem segir:

25 Þegar ættbróðir þinn lendir í kröggum og þarf að selja eitthvað af jarðareign sinni skal það skyldmenni, sem stendur honum næst, gerast lausnarmaður hans. Hann skal leysa til sín það sem ættbróðir hans seldi (3Mós 25:25).

Hugmyndafræðin á bak við hugtakið er á sviði fjölskylduréttarins og gefur til kynna einhverskonar fjölskyldusamstöðu þar sem Jahve er í hlutverki ættingjans sem ber hag fjölskyldunnar fyrir brjósti. Það er ljóst að án afskipta Jahve hefði þetta „frændfólk“ hans horfið úr keisaradæminu vegna óheiðarleika og óeirða innan veggja fjölskyldunnar.

Þau þrjú hugtök sem minnst hefur verið á hér að framan eiga öll upphaf sitt í mismunandi samhengi og jafnvel ólíkustu textum innan Gamla testamentisins, en öll eiga þau þó það sameiginlegt að bera vitni um ótvíræð afskipti Jahve og umhyggju hans fyrir Ísraelsþjóð í baráttunni gegn Egyptum.⁸³

Í versum 27-28 í sálmi 89 má skynja að um *björgun* sé að ræða en þar er því lýst hvernig Jahve kemur fyrir sem „klettur hjálpraðisins“. Hann virðist þar sýna traust og trúverðugleika sem birtist í formi þess að hann er til staðar þegar á þarf að halda. Það má segja að umrædd vers birtist í sálminum sem einhverskonar undirbúningur fyrir sáttmálgjörðina sem fram kemur síðar í sama þema sálmsins. Þarna má því greina tilvísun í útvalningu Jahve á Davíð og upphaf loforða hans um ævarandi tryggð. Ef litið er á vers 22-24 má einnig greina þar ákveðna frelsun eða björgun Jahve þegar hann lofar að bægja frá óvinum og andstæðingum Davíðs. Það er því ekki

⁸² Brueggemann 1997:174

⁸³ Brueggemann 1997:175

fjarri því að hægt sé að tengja sálm 89 við *frelsisþemað* eins og það birtist okkur í hinum ýmsu myndum í Gamla testamentinu.⁸⁴

22 Hönd mín mun styðja hann
og armur minn styrkja hann.
23 Enginn óvinur mun yfirbuga hann
og enginn ofbeldismaður beygja hann,
24 í auglýning hans mun ég brjóta andstæðinga
hans á bak aftur,
gera út af við hatursmenn hans (Slm 89:22-24).

3.5 *Jahve, Guðinn sem refsar*

39 En nú hefur þú hafnað (*znht*) þínum smurða,
útskúfað (*tm 'm*) honum í reiði þinni,
40 þú hefur rift sáttmálanum (*n 'rt*) við þjón þinn,
vanhelgað kórónu hans og fleygt til jarðar.
47 Hversu lengi Drottinn ætlar þú að dyljast,
á reiði þín að loga sem eldur?
48 Minnstu þess hve ævi mín er stutt
og til hvíllks fánýtis þú hefur skapað mennina.
49 Hver er sá er lifir og sér eigi dauðann,
hver heimtír líf sitt úr greipar Heljum?
50 Hvar eru fyrri náðarverk þín, Drottinn,
sem þú sórst Davíð í trúfesti þinni? (Slm 89:39-40,47-50)

Hver sá sem les Davíðssálm 89 verður þess var að undir lok sálms verða ákveðin stakkaskipti þar sem Jahve kemur fyrir sem hinn refsandi Guð. Ef litið er til skiptingar sálmsins í mismunandi þemu, sem minnst var á í kafla 2.1 kemur í ljós að hér birtist 3. þemað þar sem hinn útvaldi hefur verið niðurlægður fyrir framan óvini sína, og reiði og höfnun hafa komið í stað staðfastrar ástar

⁸⁴ Slm 89:27-28, 22-24

og tryggðar. Sáttmálinn hefur verið felldur úr gildi. Þá er jafnframt talið að sálmurinn rísi hæst í vers 49 (vers 50 í ísl. þýðingu) sem dragi fram heildarviðfangsefni sálmsins:⁸⁵

50 Hvar eru fyrri náðarverk þín, Drottinn,
sem þú sórst Davíð í trúfesti þinni? (Slm 89:50)

En hvernig er Jahve lýst sem *refsara* í Gamla testamentinu? Höfundum Gamla testamentisins var mikið í mun að kanna hvers vegna sumir uppskera eins og þeir sá en aðrir ekki. Þegar umræðan berst að þessu viðfangsefni Gamla testamentisins kemur Jobsbók fyrst upp í huga flestra og má með réttu segja að sú bók sé mikilvæg í þessu samhengi. Það eru hins vegar æði margir aðrir textar Gamla testamentisins, þar sem slíkar vangaveltur koma einnig fram. Þegar fjallað er um þjáningu í nútímaumræðu er algengt að annars vegar sé dregin upp mynd af náttúruhamförum sem valda mannlegri þjáningu og hins vegar siðferðilegri þjáningu sem orsakast af mannanna völdum. Þessir tveir þættir eru svo tengdir á einn eða annan hátt spurningunni um trú okkar á Guð. Þessi orðræða er hins vegar sjaldséð í textum Gamla testamentisins þar sem fremur er lögð áhersla á það sem birtist annars vegar sem þjáning Ísraelsþjóðar og mismunandi hópa innan hennar en hins vegar þess sem birtist í þjáningu einstaklingsins.⁸⁶ Það er ljóst að Gamla testamentið er þakið dæmum af þjóðarharmleikjum sem birtast t.d. í plágum, þurrkum og stríði við óvinþjóðir. Í flestum tilfellum eru þessar sögur útskýrðar sem dæmi um dóm Guðs yfir vondu eða syndsamlegu fólki. Með fyrstu dæmunum sem Gamla testamentið greinir frá af þessum toga er 1. Mósebók, 19:24-25 en þar segir frá því þegar Drottinn lét rigna yfir Sódómu og Gómorru eldi og brennisteini af himni. Þarna er Drottinn í því hlutverki að eyða borgum sem ekki eru að hans skapi. Algengara er þó að textarnir birti okkur Drottinn sem vald þess að deilur brjótast út sem síðar verða til þess að eyða upp óvinaborgum og birtast þá sem einskonar náttúruhamfarir. Stundum er hins vegar alls ekki ljóst á textunum hvernig Drottinn framkvæmir voðaverk sín. Í dómnum sem birtist í Amos 1-2 sem dæmi, endurtekur Jahve það aftur og aftur að Guð muni varpa eldi að óvinum Ísraels. Þetta getur þýtt að

⁸⁵ Mays 1994:283-284

⁸⁶ Barton og Bowden 2004:90

eldurinn er sendur beint frá Jahve sjálfum, (í formi eldingar eða slíks) eða þetta getur þýtt að eldurinn brýst út í gegnum verknað borgaranna.⁸⁷

3 Af því að þeir moluðu Gíleað með þreskisleðum úr járn

4 mun ég senda eld gegn húsi Hasaels

og hann mun gleypa hallir Benhadads (Am1:3-4).

Í umræddum Davíðssálmi 89 stöndum við einnig frammi fyrir því í versum 39-41 að vita lítið um það hvernig bölvun Jahve yfir einstaklingnum var framkvæmd. Hinum smurða hefur verið hafnað, kórónunni fleygt til jarðar og varnarmúrar hans lagðir í rúst. Sáttmálinn hefur verið felldur úr gildi. Það sem við fáum hins vegar ekki að vita nákvæmlega er það hvernig þessar niðurlægingar birtust. Voru þær framkvæmdar af Jahve eða lét hann framkvæma þær fyrir sig? Því er öðruvísi farið með vers 42 og 43 en í því fyrrnefnda eru það allir vegfarendur og grannar sem ræna einstaklinginn og hæða. Eðli málsins samkvæmt er það líka ljóst í vers 43 að það er Jahve sem hefur hafið hægri hönd óvinanna og glatt alla fjandmenn viðkomandi.⁸⁸ Í hinum deuterónómsku söguritum er það hins vegar algengt stef að þjóðin hafi villst af vegi Drottins, rofið sáttmálann og þannig kallað yfir sig refsingu.⁸⁹

15 Hér með legg ég fyrir þig líf og heill, dauða og óheill.

16 Ef þú hlýðir boðum Drottins, sem ég set þér í dag, með því að elska Drottin, Guð þinn, ganga á vegum hans og halda boð hans, ákvæði og lög, munt þú lifa og þér mun fjölga og Drottinn, Guð þinn, mun blessa þig í landinu sem þú heldur nú inn í til að taka það til eignar (5Mós 30:15-16).

⁸⁷ Barton og Bowden 2004:90

⁸⁸ Slm 89:39-43

⁸⁹ 5Mós 30:15-16

Þeir textar Gamla testamentisins sem leitast við að taka þjáningu einstaklings úr stærra samhengi og einblína sem mest á einstaklinginn sjálfan eru Sálarnir og Spekiritin. Af þeirri ástæðu geta Spekiritin til að mynda haft skírskotun til einstaklinga sem hafa engin sérstök tengsl við Gyðingdóm eða Kristni. Þeir textar tala einfaldlega betur til okkar allra.⁹⁰ Þjáning hins réttláta einstaklings virðist birtast okkur í umræddum versum 39-50 í sálmi 89 en þar fáum við ekki gefna upp neina ástæðu fyrir því af hverju Guð hefur hafnað hinum smurða konungi Davíð og Davíðssáttmálanum sem í raun hefur verið rofinn.⁹¹

Ef litið er til sálms 89 er ljóst að umrædd vers greina frá því þegar Davíðssáttmálinn hefur verið felldur úr gildi og hnignun konungsveldisins hefur tekið við. Þar birtist okkur *refsing* Jahve í formi mótsagnarkennds háttalags við þau loforð sem fram komu í fyrri þemum sálmsins. Hér má því segja að um meginviðfangsefni og vanda sálmsins sé að ræða. Niðurlægingin sem tekur við þegar Jahve svíkur fyrirheit sín í garð Davíðs.⁹² Leiddar hafa verið að því líkur að sálmurinn takist fyrst og fremst á við andstöðu við vonbrigði og breyttar fyrirætlanir Davíðssáttmálans, sem lýst er m.a. í umræddum versum 39-50. Þá hefur verið bent á að hér sé verið að lýsa falli Jerúsalemborgar 586 f. Kr., þegar konungdæmi Davíðsættarinnar leið undir lok og musterið í Jerúsalem var jafnað við jörðu.⁹³ Samkvæmt hinni deuterónómsku guðfræði var það refsing sem þjóðin hafði kallað yfir sig.⁹⁴

⁹⁰ Barton og Bowden 2004:97

⁹¹ Slm 89:39-50

⁹² Mays 1994:283-284

⁹³ Gunnlaugur A. Jónsson 2008:69-74

⁹⁴ 5Mós

4. Niðurstöður

Í þessari rannsókn hefur fyrst og fremst verið leitast við að greina mismunandi Guðsmyndir í Davíðssálmi 89 og kanna hvort þær Guðsmyndir sem þar koma fram eru lýsandi fyrir Guð Gamla testamentisins. Eins og greint hefur verið frá voru fimm mismunandi Guðsmyndir skoðaðar í sálmi 89 og þær bornar saman við sambærilegar Guðsmyndir í öðrum textum Gamla testamentisins. Í kafla 3.1 var Guðinn Jahve skoðaður í hlutverki *stjórnandans* en vers 9-11 í sálmi 89 lýsa því hvernig Jahve birtist sem hinn völdugi sem hefur allt í hendi sér og getur stjórnað öllu í krafti sköpunarmáttar síns. Hann birtist einnig í hlutverki stjórnandans í versum 28-38 í sálmi 89 en þar má glögglega greina lögmálsfyrirheit sem gefið er í gegnum fyrirskipun líkt og greint er frá í 2. Mósebók 34:11. Í kafla 3.2 var Guðinn Jahve skoðaður í hlutverki *skaparans* en í sálmi 89 má greina augljóst sköpunarstef í versum 12-13. Vitnisburður Gamla testamentisins um Jahve sem skapara snýr að hinum fullkomna krafti hans og getu til að vinna og tjá sig á undraverðan máta. Jahve stýrir sköpun sinni í raunverulegar aðstæður og lætur hana verða að veruleika, ekki ósvipað því sem lýst er í versum 12-13 í sálmi 89. Þá hefur einnig verið bent á að samband Jahve og Davíðs konungs hafi að miklu leyti byggst upp á sköpunarorðræðunni þar sem Jahve lofaði Davíð ævarandi velgengni í gegnum sköpunarkraft sinn og að sáttmálinn skyldi „stöðugur standa“. Í kafla 3.3 var Jahve skoðaður sem Guðinn sem *leiðir* en í tengslum við það hlutverk hans greinir Gamla testamentið frá hinum margháttuðu aðstæðum þjóðar og einstaklinga þar sem Jahve beitir prófraunum í þeim tilgangi að leiða menn á rétta braut. Sálmur 89 lýsir því hvernig Jahve birtist hvoru tveggja sem leiðtogi í velgengni (vers 16-19) og sem leiðtogi sem prófar og reynir (vers 39-46). Í síðastnefndum versum sálmsins er greint frá því þegar Jahve hafnar Davíð konungi sínum og gerir sáttmálann ógildan, í krafti prófrauna. Í kafla 3.4 er Jahve skoðaður sem Guðinn sem *frelsar* en slík stef má hvorutveggja greina í versum 27-28 og versum 22-24 í sálmi 89. Hugmyndafræðin á bak við *frelsunarhugtakið* í Gamla testamentinu tengist mjög textum 2. Mósebókar sem lýsa því þegar Jahve frelsar þjóðina úr ánaud Egypta. Hugtakið hefur þó einnig skírskotanir til áþreifanlegra björgunaraðgerða úr hinum ýmsu hættum. Í versum 27-28 í sálmi 89 er um að ræða björgun sem fram kemur í aðdraganda sáttmálgjörðarinnar þegar vísað er til útvalningar Jahve á Davíð og þeirra loforða sem hann gaf um ævarandi tryggð. Sáttmálinn fól að sjálfsögðu í sér *frelsun* Davíðs þar sem

honum var lofuð trygg hjálp frá Jahve. Þá vísa vers 22-24 í sálmi 89 til ákveðinnar *frelsunar* eða björgunar þegar Jahve lofar að bægja frá óvinum og andstæðingum Davíðs.

22 Hönd mín mun styðja hann
og armur minn styrkja hann.
23 Enginn óvinur mun yfirbuga hann
og enginn ofbeldismaður beygja hann,
24 í auglýsning hans mun ég brjóta andstæðinga
hans á bak aftur,
gera út af við hatursmenn hans (Slm 89:22-24).

Í kafla 3.5 var Jahve skoðaður sem Guðinn sem *refsar* en þar voru tekin dæmi úr versum 39-50 í sálmi 89 en þau vers lýsa því þegar Jahve hafnar Davíð konungi sínum og Davíðssáttmálinn hefur verið felldur úr gildi. Þar birtist okkur *refsing* Jahve í formi mótsagnarkennds háttalags við þau loforð sem gefin höfðu verið í fyrri þemum sálmsins. Birtingarmyndir Gamla testamentisins af Jahve sem *refsar* koma fram í hinum ýmsu textum Gamla testamentisins. Jobsbók er þó gjarnan meðal þeirra fyrstu sem kemur í hugann þegar umræðan berst að þessu viðfangsefni. Það er þó athyglisvert að Gamla testamentið greinir fyrst og fremst frá þjóðarharmleikjum þegar löggð er áhersla á *refsingu* Guðs, þegar þjóðin hefur vikið af vegi hans og þar með sjálf rofið sáttmálann, en sjaldnar er sjónum beint að þjáningu einstaklingsins nema þá í samhengi við þjáningu þjóðar. Þeir textar Gamla testamentisins sem leitast hins vegar frekast við að fjalla um *refsingu* einstaklingsins eru Davíðssálmarnir og Spekiritin og af þeim sökum tala þeir textar kannski betur til okkar allra.

Af þessari samantekt má ljóst vera að þær Guðsmyndir sem birtast í sálmi 89 og hafa verið skoðaðar í þessari ritsmíð, virðast í takti við þær myndir sem Gamla testamentið sem heild birtir í textum sínum af Jahve í mismunandi Guðshlutverkum.

Heimildaskrá

- Anderson, A. A. 1983. *The book of Psalms: based on the Revised Standard Version. Psalms (73-150)*. The New Century Bible Commentary. Grand Rapids, Marshall, Morgan og Scott Publ. Ltd., London.
- Barton, John og Julia Bowden. 2004. *The Original Story: God, Israel, and the World*. William B. Eerdmans Publishing Company, Grand Rapids, Michigan/Cambridge, U.K.
- Biblían*. 2007. *Biblían*. Heilög ritning. Gamla testamentið ásamt Apókryfu bókunum, Nýja testamentið. Hið íslenska biblíufélag og JPV útgáfa, Reykjavík.
- Brueggemann, Walter. 1997. *Theology of the Old Testament: Testimony, Dispute, Advocacy*. Fortress Press, Minneapolis.
- Brueggemann, Walter. 2002. *Reverberations of Faith: A Theological Handbook of Old Testament Themes*. Westminster John Knox Press, Louisville, London.
- Gunnlaugur A. Jónsson. 2008. Frá leiðsögn til lofgjörðar: Er guðfræðileg hugsun á bak við niðurröðun sálmanna í Saltaranum? *Ritröð Guðfræðistofnunar. Studia theologica islandica* 27: 69-82.
- Kraus, Hans-Joachim. 1989. *Psalms 60-150: A commentary*. Augsburg, Minneapolis.
- Limburg, James. 2000. *Psalms*. Westminster John Knox Press, Louisville, Kentucky.
- Mays, James. 1994. *Interpretation: Psalms: A Bible Commentary for Teaching and Preaching*. John Knox Press, Louisville.
- Mettinger, Tryggve. 1987. *In Search of God: The Meaning and Message of the Everlasting Names*. Fortress Press, Philadelphia.
- Mitchell, David. 1997. *The Message of the Psalter: The eschatological programme in the books of Psalms*. Sheffield, England.
- Mörður Árnason. 2002. *Íslensk orðabók: þriðja útgáfa, aukin og endurbætt*. Edda, Reykjavík.
- Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstill*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Sigurbjörn Einarsson. 1997. *Ómar frá hörpu Davíðs: úrval úr Davíðssálmum*. Setberg, Reykjavík.
- Þórir Kr. Þórðarson. 1994. Um skilning á Biblíunni. *Ritröð Guðfræðistofnunar. Studia theologica islandica* 8:69-79.
- Þórir Kr. Þórðarson. 1994. Um málfar Ritninganna. *Ritröð Guðfræðistofnunar. Studia*

theologica islandica 8:95-100.

Óútgefið efni:

Gunnlaugur A. Jónsson. 2009. *Nokkur inngangsfærðileg atriði um sálmana*. Fyrirlestur fluttur í kennslustund í námskeiðinu Saga, bókmenntir og þjóðfélag Hebrea. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Þórir Kr. Þórðarson. 1976. *Hebreski texti áttugasta og níunda sálms í Saltara*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Heimild af Netinu:

Biblían. 2011, 6. september. „Biblíuþýðingar.“ Vefslóð:

<http://www.biblian.is/default.asp?action=pick&book=18&chap=89>